

## Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma á fyrri árs helmingi 2005

Rekstur	Samstæða 2005 jan-jún	Samstæða 2004 jan-jún	2003 jan-jún	2002 jan-jún	2001 jan-jún
Fjárhæðir í mkr.					
<b>Rekstrartekjur</b> .....	<b>2.218,4</b>	<b>2.047,9</b>	<b>1.565,8</b>	<b>1.745,4</b>	<b>1.472,5</b>
<b>Framlegð</b> .....	<b>1.043,4</b>	<b>932,3</b>	<b>655,8</b>	<b>642,0</b>	<b>612,7</b>
Aðrar tekjur .....	(18,1)	(4,1)	(1,1)	(1,8)	0,0
Laun og tengd gjöld .....	520,1	498,0	365,6	366,0	349,8
Annar rekstrarkostnaður .....	357,7	381,8	234,4	212,8	203,5
Afskriftir .....	106,6	107,0	75,8	76,1	69,7
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b> .....	<b>77,1</b>	<b>(50,4)</b>	<b>(18,9)</b>	<b>(11,1)</b>	<b>(10,3)</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(35,0)	(79,0)	(11,5)	25,7	(93,0)
Hagn(tap) af sölu hlutabréfa .....	126,8	44,4			
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna .....	2,9	(3,4)	(27,1)	(14,2)	0,7
<b>Hagn. (tap) fyrir aðra liði</b> .....	<b>171,8</b>	<b>(88,4)</b>	<b>(57,5)</b>	<b>0,4</b>	<b>(102,6)</b>
Tekju- og eignarskattur .....	0,0	1,4	(2,4)	(5,9)	23,4
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....	10,2				
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b> .....	<b>182,0</b>	<b>(87,0)</b>	<b>(59,9)</b>	<b>(5,5)</b>	<b>(79,2)</b>
<b>Veltufé (til rekstrar) frá rekstri</b> .....	<b>143,4</b>	<b>8,7</b>	<b>42,3</b>	<b>38,8</b>	<b>35,2</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>30.06.05</b>	<b>30.06.04</b>	<b>30.06.03</b>	<b>30.06.02</b>	<b>30.06.01</b>
Fjárhæðir í mkr.					
Fastafjármunir .....	2.254,7	2.554,0	1.742,2	1.830,3	1.733,5
Veltufjármunir .....	1.087,9	1.148,0	877,0	878,3	794,1
<b>Eignir samtals</b> .....	<b>3.342,6</b>	<b>3.702,0</b>	<b>2.619,2</b>	<b>2.708,6</b>	<b>2.527,6</b>
<b>Eigið fé</b> .....	<b>1.372,3</b>	<b>1.074,4</b>	<b>1.154,2</b>	<b>1.188,9</b>	<b>1.126,6</b>
Þar af A og B-deild stofnsjóðs .....	384,9	391,3	411,2	413,4	422,1
Langtímaskuldir .....	1.432,6	2.007,9	913,4	875,0	925,6
Skammtímaskuldir .....	537,7	619,7	551,6	644,7	475,4
<b>Skuldir samtals</b> .....	<b>1.970,3</b>	<b>2.627,6</b>	<b>1.465,0</b>	<b>1.519,7</b>	<b>1.401,0</b>
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA .....	183,7	56,6	56,9	65,0	59,4
Innra virði .....	3,6	2,7	2,8	2,9	2,7
Veltufjárhlutfall .....	2,0	1,9	1,6	1,4	1,7
Eiginfjárhlutfall .....	41%	29%	44%	44%	45%

## Afkoma á fyrri árs helmingi 2005

- Tekjur á fyrri árs helmingi 2.218,4 mkr.
- Afkoma batnar milli ára um 269,0 mkr.
- Hagnaður af sölu eigna 140,5 mkr. en 45,3 mkr. í fyrra.
- 182,0 mkr. hagnaður á fyrri árs helmingi, en 87,0 mkr. tap á fyrri árs helmingi árið áður.

Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélagi þess, Reykjararði hf. sem Sláturfélagið á 51% hlut í.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2005 var 182,0 mkr. Á sama tímabili árið áður var 87,0 mkr. tap. Eigið fé Sláturfélagsins er rúmar 1.372 mkr. og eiginfjárhlutfall samstæðunnar er 41%.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 2.218 mkr. á fyrri árs helmingi ársins 2005, en 2.048 mkr. á sama tíma árið áður og hækka því um rúm 8%.

Launakostnaður, annar rekstrarkostnaður og afskriftir eru nær óbreytt. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 77 mkr., en 50 mkr. tap árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 35 mkr., en voru 79 mkr. árið áður. Gengistap nam 3 mkr. samanbórið við 22 mkr. á sama tímabili í fyrra. Hagnaður af sölu hlutabréfa var 127 mkr. en eignarhluti í Ferskum kjötvörum hf. var seldur. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var jákvæð um 3 mkr. en árið áður neikvæð um 3 mkr. Að teknu tilliti til 10 mkr. hlutdeildar minnihluta í afkomu var hagnaður af rekstri tímabilsins 182,0 mkr. en 87,0 mkr. tap á sama tíma árið áður.

Veltufé frá rekstri var 143 mkr. á fyrri ársþelmingi ársins 2005, samanbórið við 9 mkr. fyrir sama tímabil árið 2004.

Heildareignir Sláturfélagsins 30. júní voru 3.343 mkr. og eiginfjárhlutfall 41%. Veltufjárhlutfall var 2,0 í lok júní 2005, en 1,9 árið áður.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í apríl s.l. var í maímánuði greiddur 13,91% arður af B-deild stofnsjóðs alls 25 mkr. og reiknaðir 6% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 12 mkr.

### **Áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla**

Á stjórnarfundi Sláturfélags Suðurlands í dag 19. ágúst 2005 samþykkti stjórn félagsins ársþlutareikning þess fyrir fyrri ársþelming ársins 2005. Ársþlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins. Ársþlutareikningurinn er nú gerður samkvæmt nýjum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem fylgja þer samkvæmt reglum Kauphallar Íslands. Áhrif upptöku alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á eigið fé samstæðunnar eru þau að bókfært eigið fé í ársþyrjun 2005 lækkar um 39,6 mkr. Í ársþlutareikningnum er gerð grein fyrir þeim breytingum.

Stjórn félagsins samþykkti jafnframt að framvegis birti Sláturfélagið upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti í samræmi við heimildir í reglum félaga á Tilboðsmarkaði Kauphallar Íslands.

### **Staða og horfur**

Sláturfélagið er með sterka stöðu í slátrun og rekur nú eina hagkvæma rekstrareiningu á Selfossi eftir að hafa lokað öðrum slátruhúsum, jafnframt því sem sala á lambakjöti hefur verið mun betri en oft áður.

Á Hvolsvelli er vel tækjum búin kjötvinnsla þar sem framleiddar eru vörur sem margar hverjar eru með afar sterka stöðu á neytendamarkaði.

Innflutningsdeildir félagsins hafa bætt stöðu sína á markaði og sala aukist, sérstaklega á tilbúnum áburði til bænda.

Aðstæður á kjötmarkaði hafa færst til jafnvægis sem á að leiða til betri afkomu í rekstri félagsins á síðari ársþelmingi.

Nánari upplýsingar veitir Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000

Reykjavík, 19. ágúst 2005  
Sláturfélag Suðurlands svf.